


VEIÐIMÁLASTOFNUNIN




AFLAHORFUR Í MIÐFJARÐARÁ SUMARIÐ 1985

Tumi Tómasson

Veiðimálastofnun

Eintak bókasafns

Hólum í Hjaltadal 1984.



desember 1984.

AFLAHORFUR Í MIÐFJARÐARÁ SUMARIÐ 1985

Það er alkunna að sveiflur í laxgengd milli ára eru oft miklar, einkum í ám á norður og austurlandi. Þessar sveiflur eru jafnvel enn meiri en aflaskýrslur gefa til kynna. Á síðustu áratugum hefur laxveiði í Miðfjarðará rokkað frá um 500 löxum og upp fyrir 2000. Það eru fyrst og fremst tveir þættir sem valda þessum sveiflum:

1. Hér er laxinn á nyrðri mörkum útbreiðslusvæðis síns og því hefur tíðarfar tiltölulega mikil áhrif á afkomu hans.
2. Sveiflur orsakast einnig af flóknu samspili milli fæðuframboðs í ánni og árgangastyrkleika laxaseiða.

Þessir tveir þættir eru jafnframt samverkandi.

Ferskvatnsskeið laxins í Miðfjarðará er yfirleitt 3-5 ár. Þegar seiði eru of mörg miðað við fæðuframboð, ýmist vegna mikils fjölda seiða eða slæms árferðis, dregur úr vexti þeirra, þau dveljast lengur í ánni og náttúruleg dánartala eykst.

Það er einsýnt að ómögulegt er að spá nákvæmlega um laxgengd mörg ár fram í tímann, en margt bendir nú til að laxgengd muni fara vaxandi á næstu árum. Laxagangan samanstendur af smálaxi, þ.e. laxi sem hefur dvalið eitt ár í sjó og stórlaxi sem hefur dvalið tvö ár í sjó. Í Miðfjarðará er mjög óvenjulegt að laxar séu þrjú ár í sjó eða hrygni oftár en einu sinni.

Stórlaxaveiði 1985.

Stórlaxinn er yfirleitt um 4-9 kg þegar hann gengur í ána, og stærð göngunnar er nálægt því að vera ákveðið hlutfall af smálaxagöngunni árið áður, enda komið af gönguseiðum sem fóru samtímis úr ánni. Stórlaxarnir eru hluti sömu göngu sem gaf 120 veidda smálaxa sumarið 1984. Samkvæmt ofangreindu sambandi, sem er sýnt á mynd 1, má gera ráð fyrir að um 160 stórlaxar veiðist í Miðfjarðaránum á sumri næstkomanda.

Smálaxaveiði 1985.

Það eru fyrst og fremst tveir þættir sem telja verður að ráði stærð smálaxagöngunnar. Þeir eru tíðarfar vorið/sumarið 1984 og stærðar- og fjöldasamsetning seiðastofnsins í ánni.


Vorið 1984 var hið besta í mörg ár. Sjávarhiti var í júní-júlí 7,8°C, en við slíkar aðstæður hefur smálaxagangan ári seinna skilað milli 400 og 1000 löxum í veiði (Mynd 2). Í vor voru flest gönguseiði sem fóru til sjávar af árgangi frá 1980. Þessi árgangur

var óvenju sterkur og því má búast við að gangan verði nær efri mörkum þess sem spá má frá mynd 2.


Árið 1981 sleppti Veiðifélag Miðfjarðarár 50000 smáseiðum á ólaxgeng svæði. Flest þessara seiða sem á annað borð lifðu fóru út sem gönguseiði vorið 1984 og munu því skila sér sem smálaxar næsta sumar. Miðað við árangur slíkra sleppinga í Hrútarfjarðará má reikna með að þessi slepping skili um 150 -200 smálöxum á næsta ári. Vorið 1984 sleppti Veiðifélagið 15000 gönguseiðum af eldisuppruna. Slíkar sleppingar hafa gefið mjög misjafna raun, en þegar best latur hafa heimtur orðið um og yfir 10% á tveimur árum. Þessi slepping gæti því skilað allt frá engum og upp í um 800 smálaxa á næsta ári.

Alyktun.

Að framansögðu er ljóst að ekki er hægt að gefa upp nákvæmar tölur um veiði í Miðfjarðaránum á næsta ári. Hinsvegar er öll ástæða til bjartsýni nú og það er raunhæft að búast við að veiðin fari upp fyrir 1000 laxa, en þetta verður smálaxaár.



Mynd 1. Samband milli smálaxaveiða eitt ár og fjölda veiddra stórlaxa ári seinna.



Mynd 2. Samband milli fjölda veiddra smálaxa og sjávarhita við Hraun í júní-júlí árið áður.

Myndirnar eru teknar úr tveim greinum sem birtust eftir Dennis Scarnecchia í Canadian Journal of Fisheries and Aquatic Sciences fyrr á þessu ári.

Tumi Tómasson

Tumi Tómasson, fiskifræðingur.